

Viðbrögð við fjármálaáfalli í banka sem starfar í fleiru en einu norrænu ríki

Samkomulag seðlabanka Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar

Inngangur

Seðlabankar Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar bera allir ábyrgð á fjármálastöðugleika og gegna hlutverki sem lánveitendur til þrautavara. Aukin starfsemi og fjölgun banka með starfsemi í fleiri en einu ríki skapar hættu á að fjármálaáfall í norrænni bankasamsteypu hafi áhrif á fjármálastöðugleika í fleiru en einu Norðurlandanna. Seðlabankar Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa þess vegna gert með sér þetta samkomulag í þeim tilgangi að auðvelda viðbrögð við slíkar aðstæður.

Samkomulagið byggist á eftirtöldum meginatriðum:

- Samvinna seðlabankanna verður auðveldari ef ákveðið hefur verið fyrirfram með hvaða hætti eigi að bregðast við áföllum og dreifa upplýsingum. Mikilvægt er að samvinna á milli seðlabankanna gangi fljótt og vel fyrir sig.
- Samkomulag án bindandi lagalegra skuldbindinga er heppilegt tæki til þess að auðvelda samvinnu á milli seðlabankanna án þess að draga úr sveigjanleika þeirra sem sjálfstæðra stofnana.

Samkomulag norrænu seðlabankanna er byggt á samkomulagi sem seðlabankar og eftirlitsaðilar í Evrópska seðlabankakerfinu (ESCB) hafa gert með sér bæði varðandi viðbrögð við fjármálaáfallum og um greiðslukerfi, auk þess sem norræna samkomulagið raungerir hið evrópska enn frekar. Samkomulagið á ekki að hafa áhrif á eða sniðganga valdsvið stjórnvalda þjóðríkjanna, alþjóðlegar skuldbindingar þeirra eða samninga um samvinnu.

Samkomulagið skapar almennan ramma. Norrænu seðlabankarnir geta gert með sér sérstök samkomulög um nánari útfærslu á samvinnu og upplýsingaskiptum ef þeir telja það henta í viðbrögðum við áföllum í einstökum, nafngreindum bankasamsteypum.

Aðilar samkomulagsins eru sammála um eftirtalin atriði:

1 Umfang samstarfs milli landa þegar bregðast þarf við áfalli

- 1.1 Samkomulagið á við þegar norrænn banki sem er með starfsemi í tveimur eða fleiri Norðurlandanna verður fyrir fjármálaáfalli.

2 Skilyrði varðandi greiðslugetu og lausafjárstöðu

- 2.1 Eigendur og stjórnendur banka bera meginábyrgð á viðbrögðum við fjármálaáföllum sem bankarnir verða fyrir. Gert er ráð fyrir því að vandamál í hluta bankasamsteypu verði leyst með því að nýta fjárhagslegan styrk bankasamsteypunnar allrar. Það er því einungis í undantekningartilvikum sem til greina kemur að seðlabankarnir veiti lausafjáraðstoð.
- 2.2 Lausafjársamfundamál banka geta verið af mörgum toga. Venjulega tengjast vandamálin bankasamsteypunni allri. Í undantekningartilvikum geta lausafjársamfundamál verið staðbundin, t.d. vegna tæknilegra truflana á greiðsluferfi. Almennt gildir þó sú regla að ef móðurbanki getur ekki fjármagnað sig á markaði eða í gegnum hefðbundna lausafjáraðstoð seðlabanka, t.d. með lánaþyngri greiðslu er tengist peningastefnunni eða daglánum, þá er dótturfyrirtæki ekki heldur fært um slíkt. Á hinn bóginn á móðurbanki að getað fjármagnað dótturfyrirtæki sín ef hann getur á annað borð fjármagnað eigin starfsemi á markaði.
- 2.3 Ef lausafjársamfundandi setur mark sitt á starfsemi bankasamsteypu í heild gagnast lausafjáraðstoð óhjákvæmilega samsteypunni allri. Ákvörðun eins eða fleiri seðlabanka um að veita eða veita ekki lausafjáraðstoð til norræns banka með höfuðstöðvar í einu Norðurlanda og starfsstöð í öðru norrænu ríki hefur þannig afleiðingar fyrir aðra norræna seðlabanka.
- 2.4 Í öllum seðlabönkum Norðurlandanna er það eitt af skilyrðunum fyrir ákvörðun um að veita lán til þrautavara að sá banki sem um ræðir sé ekki gjaldþrota. Í þeim tilfellum þar sem banki telst vera gjaldþrota eða þar sem greiðslugeta hans er talin óviss skulu seðlabankarnir án tafar hafa samband við fjármálaráðuneyti í sínu ríki.
- 2.5 Greiðsluvandi bankasamsteypu getur komið niður á einstökum stofnunum í samsteypunni og þarf því ekki að hafa áhrif á allar stofnanir í samsteypunni eða á samsteypuna í heild. Móðurbankinn eða samsteypan gætu verið gjaldþrota og því knúin til þess að selja greiðsluhæfan dótturbanka sinn til að geta greitt skuldir sínar. Dótturbanki getur verið gjaldþrota og þurft á fjárhagsaðstoð að halda frá móðurbanka til að geta greitt skuldir sínar.

3 Starfshópur um viðbrögð við fjármálaáföllum

- 3.1 Ef fjármálaáföll eiga sér stað er nauðsynlegt fyrir seðlabankana að hafa til staðar viðbragðsskipulag sem gerir þeim mögulegt að safna saman upplýsingum á virkan hátt og auk þess að greina upplýsingarnar svo hægt sé með skjóttum hætti að meta þörfina fyrir að leggja til heppilegar stefnuáðgerðir. Til þess að tryggja þetta verður stofnaður hópur tengiliða með einn fulltrúa frá hverjum seðlabankanna og auk þess verður tilnefndur staðgengill hvers um sig sem kemur í stað aðalmanns ef hann forfallast.
- 3.2 Ef fjármálaáföll eiga sér stað breytist tengiliðahópurinn í viðbragðshóp. Hver og einn fulltrúi í hópnum á í starfi sínu í viðbragðsskipulaginu að geta haft bein samskipti við stjórn síns banka.
- 3.3 Megintilgangurinn með viðbragðshópnum er að gera öllum seðlabönkunum kleift að fá skjótt sömu upplýsingar og geta rætt og samhæft hugsanlegar áðgerðir með skilvirkum hætti.

- 3.4 Sá seðlabanki sem fyrstur verður var við mögulegt áfall á að virkja viðbragðshópinn. Seðlabanki þess ríkis þar sem yfirstjórn bankasamsteypunnar hefur í reynd höfuðstöðvar ber siðan ábyrgð á því að samhæfa þá vinnu viðbragðshópsins sem framundan er.
- 3.5 Teljist það heppilegt og þar sem tími leyfir slíkt getur hvaða seðlabanki sem er látið fulltrúa sinn eða staðgengil hans vera viðstaddan þar sem vinnu viðbragðshópsins er stjórnað.
- 3.6 Sérhver fulltrúi í viðbragðshópnum getur krafist þess að umræður í hópnum fari fram á ensku og að þær upplýsingar sem liggja til grundvallar ákvörðun stjórnar seðlabankanna (nánar lýst í grein 4.1) séu teknar saman á ensku.

4 Verkefni viðbragðshópsins

- 4.1 Viðbragðshópurinn er ábyrgur fyrir því að koma með upplýsingar sem stjórnir seðlabankanna geta notað til þess að taka hugsanlegar ákvarðanir um lausafjáraðstoð eða aðrar aðgerðir. Þessar upplýsingar eiga, auk þess að skýra frá kerfislegu mikilvægi og greiðslugetu, að greina frá hugsanlegum skoðanamun á milli þeirra seðlabanka sem í hlut eiga. Ákvarðanir eru teknar í hlutaðeigandi seðlabanka í samræmi við þær reglur sem þar gilda.
- 4.2 Fyrsta verkefni viðbragðshópsins er að kortleggja lausafjárstöðu, greiðslugetu og aðra viðeigandi þætti með beinum samskiptum við yfirstjórn viðkomandi bankasamsteypu.
- 4.3 Viðbragðshópurinn á svo fjótt sem auðið er að hafa samband við þær fjármálaeftirlitsstofnanir sem fylgjast skulu með bankasamsteypunni á Norðurlöndunum í þeim tilgangi að skiptast á upplýsingum, auk þess sem hópurinn á að fara fram á mat á greiðsluhæfi bankasamsteypunnar og einstökum bönkum hennar.
- 4.4 Viðbragðshópurinn getur ennfremur haft samband við aðra einstaklinga, innan eða utan seðlabankanna, til þess að afla upplýsinga eða fá greiningu á þeirri stöðu sem upp hefur komið.
- 4.5 Viðbragðshópurinn á, þegar þess er óskað, að útvega upplýsingar sem nota þarf vegna tengsla seðlabanka og annarra yfirvalda við alþjóðlegar stofnanir, svo sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eða Seðlabanka Evrópu, sem samkvæmt samkomulagi eða á annan hátt hafa rétt til þess að vera upplýstar eða hafðar með í ráðum.

5 Upplýsingastjórnun

- 5.1 Innri upplýsingamiðlun á milli seðlabankanna og ytri upplýsingamiðlun til fjölmiðla ætti, hvað innihald varðar, að vera samræmd af viðbragðshópnum eftir því sem við verður komið.
- 5.2 Samskipti við starfshóp fjármálaeftirlita hlutaðeigandi banka, þar sem slíkur hópur hefur verið stofnaður, eru í höndum viðbragðshópsins. Sérhver seðlabanki sér á hinn bóginn um samskipti við fjármálaeftirlit og fjármálaráðuneyti viðkomandi lands.
- 5.3 Um leið og viðbragðshópurinn hefur verið skipaður eiga samskipti við bankasamsteypuna að vera fyrst og fremst á milli viðbragðshópsins og yfirstjórnar samsteypunnar. Gert er ráð fyrir því að yfirstjórn bankasamsteypunnar upplýsi eigin banka óháð því í hvaða ríki þeir eru staðsettir.
- 5.4 Í þeim tilfellum þegar seðlabankar Norðurlandanna gera með sér sérstakt samkomulag varðandi tiltekna fjármálasamsteypu er ákveðinn seðlabanki útnefndur sem ábyrgur fyrir því að uppfæra reglulega gagnagrunn sem inniheldur viðeigandi opinberar upplýsingar um samsteypuna. Tilgangurinn með gagnagrunninum er að veita seðlabönkunum sameiginlegan þekkingargrundvöll um uppbyggingu á viðskiptastarfsemi samsteypunnar og efnahagsreikningi.

Bankastjórar seðlabanka Norðurlandanna, Stykkishólmi, í júní 2003

Seðlabanki Danmerkur

Seðlabanki Finnlands

Bodil Nyboe Andersen

Matti Vanhala

Seðlabanki Noregs

Seðlabanki Íslands

Svein Gjedrem

Birgir Ísleifur Gunnarsson

Seðlabanki Svíþjóðar

Lars Heikensten